

Nd.

46. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um sóknargjöld frá 30. júlí 1909.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson og Jón Jónsson, þm. N.-M.

Í stað 2. greinar, 7. gr. og 8. gr. komi:

1. gr.

Gjald til prests skal nema á hvern mann, karl og konu, og í hvaða stöðu sem er, á aldrinum frá 16—66 ára, 1 kr. 50 aurum, er greiðist í prestslaunasjóð. Gjaldi þessu skal jafnað niður þannig, að helming þess, 75 aura, greiði hver maður, en hinum hluta þess skal sóknarnefnd jafna niður á alla gjaldskylda menn í sókninni eftir efnum og ástæðum.

Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem ekki eru í þjóðkirkjunni. — Enn fremur eru undanþegnir gjaldinu heyrnar- og málleysingjar og sjúklingar, sem eingöngu eru framfærðir af almannafé.

2. gr.

Hver maður, sem er 16—66 ára, hvort heldur er karl eða kona, og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald til kirkju þeirrar, sem hann á sókn að, 75 aura á ári.

Undanþegnir þessu kirkjugjaldi eru allir þeir hinir sömu, sem samkvæmt 1. gr. eru undanþegnir prestsgjaldi.

Nú hefur söfnuður á hendi umsjón og fjárhald kirkju, og má sóknarnefnd þá með jákvæði lögmeats safnaðarfundar og samþykki héraðsfundar hækka kirkjugjald fyrir eitt ár í senn eða um tiltekið árabíl.

Ef hið lögskipaða kirkjugjald með hækkun þeirri, sem sóknarnefnd hefir

ákveðið og safnaðarfundur samþykkt, nægir ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum kirkjunnar, er sóknarnefnd heimilt að jafna niður því, sem á vantar, á alla gjaldskylda safnaðarlimi eftir efnunum og ástæðum.

3. gr.

Í þeim söknum, þar sem söfnuður hefir ekki tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, er landsstjórninni veitt heimild til að ákveða kirkjugjald þannig, að það, miðað við tölu allra gjaldskyldra safnaðarlima, á aldrinum 16—66 ára, nemi jafnmikilli upphæð og allar sóknartekjur kirkjunnar hafa numið að meðaltali um næstliðin 10 ár.

Ákvörðun þessi skal þó því að eins gilda, að kirkjuforráðandi eða söfnuður hafi beiðst þess. Auglýsing um hið ákveðna kirkjugjald í hverri sókn skal birt í A-deild stjórnartíðindanna.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær, sem með þeim eru gerðar, inn í lög frá 30. júlí 1909 um sóknargjöld.